


Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Pétur Ingi Haraldsson skipulagsfulltrúi
Dalbraut 12
840 Laugarvatn



Reykjavík, 20. desember 2017
Tilvísun: 201708042 / 3.4

Efni: Deiliskipulag þjónustusvæðis í landi Réttarholts A, Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Skeiða- og Gnúpverjahreppur hefur, með erindi dags. 24. nóvember 2017, sent Skipulagsstofnun til yfirferðar að nýju deiliskipulag þjónustusvæðis í landi Réttarholts A, samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga og var málsmeðferð skv. 41. gr. laganna. Deiliskipulagið var samþykkt að nýju í sveitarstjórn, þann 18. október 2017.

Í bréfi stofnunarinnar dags. 31. ágúst sl. var gerð athugasemd við að sveitarstjórn birti auglýsingu um gildistöku deiliskipulasins í B- deild Stjórnartíðinda þar sem deiliskipulagið væri í ósamræmi við breytingu á Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016 sem auglýst var samhliða umræðu deiliskipulagi, þar sem svæðinu er breytt í svæði fyrir verslun og þjónustu. Ósamræmið varðar fjölda næturgesta. Jafnframt var bent á að sýna staðsetningu húsa og setja skilmála fyrir fyrirhugaðar byggingar. Sýna göngu- og reiðleiðir, aðstöðu fyrir hross og setja skilmála fyrir skilti, gróður og landmótun. Sýna breytt aðalskipulag og afla umsagna heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Minjastofnunar Íslands.

Lagfærð gögn bárust 29. nóvember sl.

Deiliskipulagið er sett fram á kortblaði með greinargerð og uppdrætti í mkv. 1:1000, dags. 27. október 2017.

Skipulagsstofnun hefur yfirfarið framlögð gögn og gerir ekki athugasemd við að sveitarstjórn birti auglýsingu um samþykkt deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda en bent er á að senda stofnuninni gögn sem lagfærð hafa verið skv. umsögn Minjastofnunar Íslands dags 11. desember 2017.


Unnsteinn Gíslason